

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. september 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um byggingarsjóð Landspítala, 4. mál.**

Velferðarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að taka upp að nýju auðlegðarskatt til að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsakosts Landspítala, aðalsjúkrahúss landsins og háskólasjúkrahúss.

Samtök atvinnulífsins lýsa sig algjörlega andvíg frumvarpinu. Tímabundinn auðlegðarskattur var tekinn upp með lögum nr. 128/2009, fyrir atbeina ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Tilgangur hans var að auka skattbyrði þess hóps sem höfðu safnað miklum eignum á árunum á undan og notið þess að skattar á fjármagnstekjur höfðu verið lágir eins og sagði í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum. Þrátt fyrir að framlengja skattinn um nokkur ár fékk fyrrnefnd ríkisstjórn því framgengt að álagningu auðlegðarskatts skyldi ljúka við álagningu 2015. Núverandi ríkisstjórn sá ekki ástæðu að hrófla við þeirri ákvörðun.

Ekki verður séð að eitthvað í núverandi umhverfi fólks og þjóðar réttlæti þá eignaupptöku sem skatturinn hefur í för með sér. Þá má ljóst vera af 6. gr. frumvarpsins að útreikningur og álagning skattsins verður ekki einföld aðgerð, mun flækja skattkerfið og kalla á kostnaðarsamt eftirlit. Loks fylgir óréttlátu skattkerfi sú tilhneiging að þeir sem verða fyrir skattlagningunni reyna að komast hjá henni.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

